

Nr. 042 / 16 Svanur BA 413**Missir björgunarbát útbyrðis**

Skipaskr.nr. 7583
Útgerð: Iceland Sea Angling hf.
Smíðaður: Hafnarfirði, 2007, trefjaplast.
Stærð: 4,54 brl. 3,46 bt.
Mesta lengd: 6,97 m Skráð lengd: 6,91 m
Breidd: 2,34 m Dýpt: 1,5 m
Vél: Volvo Penta, 67,20 kw, árg. 2007
Fjöldi skipverja: 1



Svanur©Páll Traustason

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 20. febrúar 2017 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 27. maí 2016 var Svanur BA 413 á sjóstangaveiðum í Ísafjarðardjúpi. Veður: VSV 5 m/s.

Á siglingu losnuðu upp festingar fyrir björgunarbátinn aftast á bátnum og féll hann í sjóinn ásamt stólum sem hann hafði setið í. Gerð var leit að björgunarbátnum án árangurs en síðar um daginn fann sjómælingarbáturinn Baldur hann.

Við rannsókn kom fram:

- að stóllinn fyrir björgunarbátinn hafði verið festur á ryðfría plötu sem var límd niður með límkíttri og skrúfuð með boddýskrúfum í skutinn sem var úr trefjaplasti;
- að gerðar voru endurbætur þannig að sett var ryðfrí plata á bakvið trefjaplastið með gegnum gangandi bolta í stað boddýskrúfa;
- að sömu endurbætur voru gerðar í framhaldi á ellefu öðrum bátum í eigu fyrirtækisins.



Staðsetning björgunarbátsins á skutpili bátsins

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök atviksins vera ófullnægjandi festingar á stólum sem gúmmíbjörgunarbáturinn sat í.